


Alþingi
Erindi nr. P 128/663
komudagur 13. 12. 2002



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 11. desember 2002
Tilvísun: 2002110562 ÞS/--

Alþingi hefur borist erindi yðar, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fyrirtækjaskrá. Samkvæmt frumvarpinu verður fyrirtækjaskrá flutt til Ríkisskattstjóra frá Hagstofunni þar sem hún er nú haldin samkvæmt gildandi lögum um fyrirtækjaskrá nr. 62/1969. Breytingar frá gildandi löggjöf eru að öðru leyti ekki umfangsmiklar.

Ekki verður séð að færsla verkefna milli stjórnvalda, með þeim hætti sem greinir í frumvarpinu, hafi skaðleg áhrif á rétt manna til friðhelgi einkalífs. Persónuvernd gerir því ekki aðra athugasemd við ákvæði frumvarpsins en þessa: Öll ákvæði þess, verði það að lögum, verði túlkuð í samræmi við þann tilgang sem er með fyrirtækjaskrá. Þannig verði 9. tölul. 4. gr., þar sem veitt er heimild til að skrá „[ö]nnur þau atriði sem...hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja og almennings“, túlkaður þannig að einungis verði skráðar upplýsingar sem málefnalegt er að skrá í fyrirtækjaskrá, en þær upplýsingar sem málefnalegt er að skrá eru þær sem hafa gildi vegna verkefna skattýfirvalda, hagskýrslugerðar, miðlunar grundvallarupplýsinga til almennings og annarra eðlisskyldra verkefna.

Virðingarfyllt

Þórður Sveinsson
lögfræðingur